



Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS24080075

## TILLAGA

### Tillaga íbúaráðs Breiðholts Mjódd um nýja samgöngutengingu landsbyggðarstrætó við Keflavík og Leifsstöð til og frá Mjódd

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til borgarráðs að setja af stað vinnu í samstarfi við innviðaráðherra, um að sett verði ný almenningssamgöngutenging við landsbyggðarstrætó þar sem Leið 55B með upphaf og endi í Mjódd frá Leifsstöð og Keflavík verði komið á. Að ferðirnar geti þjónustað sérstaklega morgunflug flugfélaganna og að fjármagn verði tryggt til að halda úti opnunartíma skiptistöðvarinnar allan ársins hring.

#### Greinargerð:

Mjódd er ekki bara fjölmennasta skiptistöð höfuðborgarsvæðisins heldur er hún byggðalína almenningssamgagna út á land sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Frá Mjódd fara Leiðir 51 og 52 austur fyrir fjall, önnur alla leið til Hafnar. Leið 57 ekur eftir Vesturlandi á leið sinni til Akureyrar. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur sú ákvörðun verið tekin að leið 55, til Keflavíkur og Leifsstöð, er látin sniðganga leiðarkerfi í gegnum Mjódd og öllum ferðamönnum er stefnt alla leið vestur á BSÍ, líka þeim sem eru á leið beint út á land eða eiga erindi í Austurborgina. Þeir farþegar þurfa að leggja á sig óþarfa ferðalag eftir umferðarþyngstu götum höfuðborgarsvæðisins, ekki bara einu sinni, heldur tvisvar og þannig fer dýrmætur tími í að halda inn í Miðborgina og aftur taka almenningssamgöngur í Mjódd til að komast út á land.

Á sama tíma eru allir íbúar sem búsettir eru í hverfum austan Elliðaáa, fjölmennustu hverfum borgarinnar skv. tölum þjóðskrár, Breiðholt (22.185), Árbær/Norðlingaholt (13.663), Grafarvogur (16.440), Úlfarsárdalur (8.445) eða tæplega 61 þúsund íbúar, ásamt stórum hluta Kópavogs, sem telja tæplega 40 þúsund íbúa. Samtals í kringum 100 þúsund íbúum er gert erfitt fyrir að nýta sér leið 55, þar sem ekkert stopp þeirrar leiðar er í austan Elliðaáa. Þannig er þeim öllum beint upp í einkabíl, leigubíl eða flugrútu, sem er ekki heldur með biðstöðvar í Austurborginni en Leið 55.

Íbúum Austurborgarinnar og þeim ferðamönnum sem vilja taka leið 55 er gert erfitt fyrir að komast með almenningssamgöngum úr Austurborginni til Keflavíkur. Tvö einkafyrirtæki, sem sérhæfa sig í tengingu milli borgarinnar og flugvallarins, sjá sér ekki fært um að stoppa í Mjódd en annað fyrirtækið stoppar í Garðabæ og Hafnarfirði, hitt stoppar bara í Hamraborg.



Reykjavík



Vill íbúaráðið að skoðað verði í samtali við innviðaráðherra, nýja leið sem myndi enda í Mjódd eftir atvikum væri skipta ferðum í Leið 55A sem héldi sömu leið og Leið 55B myndi þræða eystri borgarhlutann og endað í Mjódd.

Ávinningurinn er margvíslegur en í fyrsta lagi væri meira jafnræði tryggt í þjónustu við íbúa innan borgarinnar og eystri byggða höfuðborgarsvæðisins. Í öðru lagi yrði ferðafólki og landsbyggðarfólki sem koma frá Leifsstöð gert kleift að halda beint út á land sem eru annað hvort á leið til Akureyrar eða austur fyrir fjall í gegnum þessa nýju tengingu. Í þriðja lagi væri þetta mikilvægur áfangi í draga úr umferð, fækka bílum á Reykjanesbraut og bæta loftgæði við þungar stofnbrautir en einn af hverjum þremur bílum á Reykjanesbraut er bílaleigubíll. Að lokum gæti Samgöngumiðstöðin í Mjódd orðið lykill í bjóða upp á sjálfbæra ferðaþjónustu, laða að sér mannlíf sem aftur eflir þjónustu og atvinnustarfsemi í Mjódd. Í vinnunni yrði leitast við að hafa samvinnu við Íbúaráðið eftir bestu getu ásamt aðra hagaðila